# Guðjón Runólfsson

Bjarni Benediktsson – Guðjón Runólfsson – Iðnaðarmannafélag Stykkishólmar

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-8, Örk 3

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 17. desember 1941.

Um leið og ég þakka hið vinsamlega bréf yðar til mín, dags. 4. þ.m., vil ég tjá yður, að ég hefi borið mig saman við hr. prófessor Gunnar Thoroddsen um þetta mál, og er ljóst, að á komu okkar verði töluverðir erfiðleikar, en þar eð þér nefnið ekki í bréfinu hvenær aðalskemtun félagsins verði haldin er eigi unt að ákveða neitt nú, en ég vænti þess, að þér látið mig vita nánar um þetta og skal yður þá svarað um hæl.

Hr. Guðjón Runólfsson, ( form. Iðnaðarmannafélagsins í Sth.)
Stykkishólmi.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

I

Herra Borgarstjóri Bjarni Benediktsson

Jeg vil þegar í upphafi þessa brjefs tjá yður að jeg undirritaður er formaður Iðnaðarmannafjelags Stykkishólms og veldi jeg í því tilefni, fara þess á leit við yður hr. Borgarstjóri. þar eð þjer sæuð yður það mögulegt, að veita okkur fjelögum liðsinni, við okkar aðal skemtun, í vetur, með því að halda fyrir okkur ræðu,

Jeg skal þegar taka það framan-að skemtunn Iðnaðarmanna hefur jafnan þótt sú veglegasta sem haldin er í Stykkishólmi og finur það sig sjalft að við viljum ekki

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í ár verða eftirbátar firri ára, og leitum því eftir því besta, því aðeins það besta er nógu gott.

Jeg vil með þessu, að þjer skiljist að jeg, firir mitt leiti vil alt það besta firir mitt fjelag álít jeg að með komu yðar hingað mætti mikið gott hljótast af

Með þessu meina jeg, að ~~en~~ þótt að ræðan yrði að vera nokkuð einskorðuð við iðnaðarmál sem þjer eruð vel kunnugur þá mætti þó flétta nokkru vel valin orð um Sjálfstæðismál alþjóðar sem vér nú á dögum höfum svo mikil þörf firir og verkilega þarf að berja um í hvern

III

einstakling ekki aðeins sjálfsræðis þjóðar einkjenni heldur og einnig sjálfstæðis tilfinning í allri baráttu lífsins, og tel jeg yður hr. borgarstjóri allra manna færastan til þess.

En fari svo að þjer sjái yður ekki fært að verða við þessari ósk minni sem jeg mun harma mjög þá bið jeg yður góðfúslega að fara þetta(ð) í tal við herr. Gunnar Thoroddsen professor því tel jeg hann næstan yður og þætti mjer mjög vænt um að þjer getið mig vita sem allara first hvort þjer getið orðið við ósk minni: Jeg tek því framm að allur kostnað af för yðar hingað iði yður að kostnaðar lausu. Virðingarfilst Guðjón Runólfsson St. h. 4/12-41

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur